

litið um vinnu. Og með því að stefnandi hefur eigi sannað það, að stefndur hafi vakið hjá honum rjettmæta von um hærra kaup en samverkamenn hans fengu, sjer rjetturinn ekki fært að taka kröfur hans til greina og ber því að eins að dæma stefndan til að greiða þær 40 kr 50 au., sem hann hefur boðið fram með 4 % ársvöxtum frá 23. febr. 1921 til borgunardags.

Málskostnaður þykir eftir atvikum rjett að falli niður.

Mánudaginn 5. febr. 1923.

Nr. 38/1922.

Tanke Hjemgaard

(Magnús Guðmundsson

gegn

Halldóri Jónssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Ómerkingardómur. Of stuttur stefnufrestur.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar 11. febr. 1922: Tanke Hjemgaard, kaupmaður í Hauge-sund, greiði Halldóri Jónssyni, kaupmanni á Seyðisfirði, kr. 5886,70 með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og kr. 15,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi dags. 31. ágúst f. á. og hefir áfrýjandi krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá undirrjettinum.

Það er upplýst hjer fyrir rjettinum, að áfrýjandi átti lögheimili bæði á Seyðisfirði og í Hauge-sund í Noregi þegar stefnan til hjeradsdómsins var

gefin út og birt. Var stefnda samkvæmt 8. gr. í lögum nr. 63, 14. nóv. 1917, um stefnubirtingar, heimilt að kjósa um á hvorum staðnum hann ljét birta stefnuna og kaus hann að láta birta áfrýjanda hana á heimili hans í Haugesund og bar þá að miða stefnufrestinn við þann stað eða heimili og telja hann að minsta kosti þrjá mánuði samkvæmt 4. gr. í lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um stefnufrest til íslenskra dómstóla. Með því nú að ekki liðu fullir þrír almanaks mánuðir frá því stefnan var birt til dómfestingar í hjerði og áfrýjandi hvorki mætti nje ljét mæta þar, þá verður samkvæmt kröfu hans að ómerkja dóminn og alla meðferð málsins í hjerði og vísa málinu frá undirrjettinum.

Svo ber og samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 100 krónur.

Það athugast, að stefnufrestur er ekki ákveðinn í stefnu hjerðsdómarans, að hann hefir haft málið undir dómi í 10 vikur án þess að dráttur þessi sje rjettlættur og að dómsgjörðirnar eru ekki stimplaðar.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirrjettinum.

Stefndi, Halldór Jónsson, greiði áfrýjanda, Tanke Hjemgaard, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

